

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 22. október 2024  
UST202409-259/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 - Miðbæjarsvæði Hvolsvallar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþing eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 sem nær til miðbæjarsvæðis Hvolsvallar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nái til miðsvæða á Hvolsvelli, skilgreind sem M1 og M3 í gildandi aðalskipulagi. Á M1, sunnan Þjóðveggar, er fyrirhugað að stækka svæðið um 2 ha þannig að heildarstærð þess verði um 6 ha. Svæðið OP3 minnkar samsvarandi. Innan miðsvæðis M3 er gert ráð fyrir að fjölga íbúðum úr 70 í allt að 120. Gert er ráð fyrir að miðbæjarsvæði M3 verði einkum fyrir minni íbúðir, þ.m.t. „stúdío“ íbúðir. Stærð svæðis helst óbreytt.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um fráveitumál í tillögunni og áhrif hennar. Í [Stöðuskýrslu fráveitumála](#) á Íslandi fyrir árið 2022 segir að tveggja þrepa hreinsun sé á Hvolsvelli en forhreinsun sé ófullnægjandi og viðtaki, sem eru skurðir og lækir með litlu vatni, sé ekki talinn vera góður og er töluverð bakteríumengun í skurðum. Aðeins sé um eina útrás að ræða. Óvíst er hvort hreinsunarkröfur séu uppfylltar, þ.e. að 90% lækkun á svifögnum og 70-90% lækkun á lífrænu efni (BOD5) náist en skortur er á mælingum. Fram kemur að sveitarfélagið muni leggja fram úrbótaáætlun árið 2024.<sup>1</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Agnes Þorkelsdóttir  
**sérfræðingur**

---